122

# Auglýsing

um póstmál.

Í ársbyrjun 1896 verða, auk tímabreytinga, sem leiða af því, að einni aðalpóstferð er bætt við milli Reykjavikur og Ísafjarðar og Reykjavíkur og Seyðisfjarðar norðanlands, svo og af breytingunum á ferðum póstgufuskipanna, þær breytingar á póstgöngunum, er nú skal greina:

A. snertandi viðkomustaði aðalpósta:

1. Vestanpóstur kemur við á Sauðafelli og Vigur í báðum leiðum. Verði brjefhirðingin á Harastöðum flutt að Skógum, fer pósturinn um Skóga en ekki um Harastaði.
2. Með því að póstafgreiðsla sú, sem verið hefur á Höfða, er flutt að Egilsstöðum, fer bæði Seyðisfjarðarpóstur og Eskifjarðarpóstur um Egilsstaði, en ekki Höfða.
3. Aðalpósturinn frá Reykjavík að Odda kemur við í Kálfholti í báðum leiðum.
4. Aðalpósturinn milli Odda og Prestsbakka kemur við á Eyjarhólum í Mýrdal í báðum leiðum.

B. Snertandi aukapósta:

1. EYRARBAKKAPÓSTURINN fer um Járngerðarstaði en ekki Tóptir.
2. BORGARFJARÐARSÝSLUPÓSTUNUM hefur verið breytt þannig:
   a. Nýr aukapóstur fer frá Skipaskaga á Akranesi sama dag sem vestanpósturinn á að fara af stað frá Reykjavík, vestan Akrafjalls um Vogatungu að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, og mætir þar bæði vestanpósti og norðanpósti á norðurleið.
   b. Nýr aukapóstur er látinn ganga frá Hesti að Lundi í Lundarreykjadal eptir komu sunnanpóstsins að Hesti.
3. Pósturinn milli Rauðkollsstaða og Ólafsvíkur hefur verið nefndur Ólafsvíkurpóstur og er honum gjört að koma við á Búðum einnig í sumarferðunum (6.—12. ferð), þegar hann fer norðan jökuls til Ólafsvíkur, en í þeim ferðum gengur nýr aukapóstur frá Búðum fyrir sunnan Snæfellsjökul til Ólafsvíkur.
4. FLATEYJARPÓSTURINN fer 7 ferðir frá Stykkishólmi til Flateyjar á vetrum (1.—4. og 13.—15. póstferð) í stað 4 ferða áður.
5. BARÐASTRANDARSÝSLUPÓSTUNUM hefur verið breytt þannig:
   a Fyrsta aukapósti (frá Bæ í Króksfirð að Bíldudal) er gjört að koma við í báðum leiðum á Vattarnesi og á Botni í Patreksfirði.
   b. Nýr aukapóstur er er sendur frá Vestur-Botni í Patreksfirði eptir komu fyrsta aukapósts þangað frá Bæ, að Sauðlauksdal.
   c. Nýr aukapóstur er sendur frá Sveinseyri eptir komu aukapóstsins frá Bæ á vesturleið, að Selárdal, sem ætlazt er til að geti náð á Sveinseyri fyrsta aukapósti, þegar hann kemur aptur frá Bíldudal..
   b. þremur vetrarferðum er bætt við frá Flatey til Brjámslækjar.
6. ÍSAFJARÐARSÝSLUPÓSTUNUM hefur verið breytt þannig:
   a. Nýr aukapóstur er látinn ganga frá Ísafirði að Tröð í Álptafirði eptir komu aðalpóstsins.
   b. Nýr aukapóstur er látinn ganga eptir komu aðalpóstsins að sunnan í 6.—12. ferð frá Ísafirði að Hóli í Bolungarvík.
   c. Nýr aukapóstur gengur frá Arngerðareyri, eptir komu aðalpóstsins þangað á vesturleið að Ármúla í Nauteyrarhreppi
7. STRANDASÝSLUPÓSTUNUM hefur verið breytt þannig:
   a. aukapósinum frá Stað til Árness er gjört að fara um Stóra-Fjarðarhorn í Kollafirði í staðinn fyrir Kollafjarðarnes, svo og um Kirkjuból í Tungusveit.
   b. aukapósturinn sem gengið hefir milli Bæjar í Króksfirði og Kálfaness, er látinn ganga

frá Bæ eptir komu aðalpóstsins frá Ísafirði um Tröllatungu að Kirkjubóli í Tungusveit og þaðan aptur um Stóra-Fjarðarhorn og Kleifar í Gilsfirði að Bæ. 122

8. HÚNAVATNSSÝSLUPÓSTUNUM hefur verið breytt þannig:

a. Nýr aukapóstur gengur frá Sveinsstöðum eptir komu aðalpóstsins þangað að sunnan, að Ási í Vatnsdal.

b. aukapósturinn frá Sveinsstöðum að Auðkúlu er látinn ganga um Reyki á Reykjabraut að Auðkúlu og þaðan að Guðlaugsstöðum í Blöndudal.

9. ÞINGEYJARSÝSLUPÓSTUNUM hefur verið breytt þannig:

a. Nýr aukapóstur gengur frá Ljósavatni eptir komu aðalpóstins þangað frá Akueryri að Halldórsstöðum í Bárðardal.

b. Nýr aukapóstur gengur frá Grenjaðarstað, eptir komu aðalpóstsins frá Akureyri, um Laxárdal að Skútustöðum, og þaðan aptur um Reykjadal að Grenjaðarstað.

c. Aukapósturinn frá Grenjaðarstað að Skinnastöðum er látinn koma við á Víkingavatni.

d. aukapósturinn milli Vopnafjarðar og Skinnastaða er látinn fara báðar leiðir beint milli Svalbarðs og Skinnastaða.

e. Nýr aukapóstur gengur frá Skinnastöðum eptir að aukapóstarnir frá Grenjaðarstað og Vopnafirði eru þangað komnir, um Presthóla út Vestur-Sljettu að Grjótnesi, og þaðan austur Miðsljettu til Raufarhafnar.

10. MÚLASÝSLUPÓSTUNUM hefur verið breytt þannig:

a. aukapóstferðirnar frá Höfða að Kirkjubæ hafa verið lagðar niður, en Vopnafjarðarpósturinn (frá Seyðisfirði) er látinn ganga frá Egilsstöðum um Hjaltastað, Kirkjubæ, Sleðbrjót í Jökulsárhlíð og Torfastaði á Vopnafjörð.

b. Pósturinn, sem farið hefur frá Höfða að Valþjófsstað, gengur nú frá Egilsstöðum.

11. SKAPTAFELLSSÝSLUPÓSTINUM hefur verið breytt þannig, að hann gangi um Borgarfell að Mýrum í Álptaveri.

12. RANGÁRVALLASÝSLUPÓSTUNUM hefur verið fjölgað um 1, er gengur frá Ási í Holtum eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um Háf í Háfshverfi og Hábæ í þykkva bæ að Grímsstöðum í Vestur-Landeyjum, og sömu leið til baka.

C. Þessar brjefhirðingar eru stofnaðar:

1. Í Vogatungu í Leirár- og Melahreppi.
2. Á Lundi í Lundarreykjadal.
3. Í Selárdal í Barðastr.sýslu.
4. Í Sauðlauksdal í sömu sýslu.
5. Í Vattarnesi í sömu sýslu.
6. Á Vestur-Botni í sömu sýslu.
7. — Tröð í Álptafirði.
8. — Hóli í Bolungarvík.
9. — Ármúla í Nauteyrarhreppi.
10. — Skarði í Bjarnarfirði.
11. — Hrófbergi í Strandasýslu.
12. — Kirkjubóli í Tungusveit.
13. — Stóra-Fjarðarhorni í Kollafirði.
14. — Ási í Vatnsdal.
15. — Guðlaugsstöðum í Blöndudal.
16. — Halldórsstöðum í Bárðardal.
17. — Skútustöðum í Þingeyjarsýslu.

122 18. — Víkingavatni í Kelduhverfi.
19. — Eyjarhólum í Mýrdal.
20. — Grímsttöðum í Vestur-Landeyjum,

Þessar brjefhirðingar verða lagðar niður:
1. Brjefhirðingin á Kálfanesi (flyzt að Hrófbergi).
2. Brjefhirðingin á Kollafjarðarnesi (flyzt að Stórafjarðarhorni).
3. Brjefhirðingin á Hjaltastað.

Reykjavík, 16. nóv. 1895.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.
**Magnús Stephensen.**

*Hannes Hafstein.*

123

# Reikningur

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins 1894.

| Nr. | Tekjur: | Kr. a. | Kr. au. |
|---|---|---|---|
| I. | Í sjóði frá fyrra ári: | | |
| | a. Óendurgoldnar fyrirframborganir frá 1885 . . . | 84 62 | |
| | b. óborgað jafnaðarsjóðsgjald úr Suður-Múlasýslu . . | 148 64 | |
| | c. óborgað jafnaðarsjóðsgjald úr Norður-Múlasýslu . . | 352 40 | |
| | d. Í peningum. . . . . . . . . . . . . . . . | 690 29 | 1275 95 |
| II. | Samkvæmt brjefi amtsráðsins 14. febr. 1894 var 23 | | |
| | a. jafnað niður á hvert gjaldskylt lausaf.hundrað. | | |
| | Jafnaðarsjóðsgjald úr Norður-Þingeyjarsýslu . | 283 95 | |
| | — Norður-Múlasýslu . . . . | 916 91 | |
| | — Suður-Múlasýslu . . . . . | 867 10 | |
| | — Austur-Skaptafellssýslu . . . | 335 26 | 2403 22 |
| III. | Jafnaðarsjóðsgjald Múlasýslnanna 93 (352,40+141,64) | | 501 04 |
| IV. | Endurgoldnar fyrirframborganir | | |
| | 11/27 af verði seldrar karbólsýru 1894 . . . . . | | 2 65 |
| | | Samtals | 4182 86 |

| Nr. | Gjöld: | Kr. a. | Kr. a. |
|---|---|---|---|
| I. | Kostnaður við amtsráðið: | | |
| | a. Ferðakostnaður amtmanns á aðalfund . . | 167 65 | |
| | b. Dagpeningar og ferðakostnaður amtsráðsmanna . | 526 60 | |
| | c. Skriptir við amtsráðið . . . . . . | 52 00 | |
| | d. Fundarhúsleiga . . . . . . . . . . . . . . | 8 00 | |
| | e. Fyrir ferð með fundarboð í Skaptafellssýslu . . | 50 00 | |
| | f. Til umboðsmanns St. Stephensens . . . . . | 30 00 | 834 25 |
| II. | Heilbrigðismál: | | |
| | a. Bólusetningar . . . . . . . . . . . . | 76 50 | |
| | b. Bólusetningarbók . . . . . . . . . . | 1 00 | |
| | c. Fyrir sóttvarnir á Vopnafirði gegn influenza . | 98 50 | 176 00 |
| | | Flyt | 1010 25 |